

146. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.
- haldinn þann 30.03. 2021 kl.16.30 í TEAMS.

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Gils Einarsson, Magdalena Jónsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Laufey Ósk Magnúsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. **Ársreikningur 2020.** Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning og hann var svo samþykktur samhljóða af stjórn. Rekstrartekjur urðu samtals kr. 170.772.876, rekstrargjöld samtals kr 168.111.492, hagnaður eftir fjármagnsliði samtals kr. 2.506.680 og eigið fé í árslok var samtals kr 50.970.414. Ánægjulegt er að sjá niðurstöðu ársins, sérstaklega í ljósi Covid-19 og sóttvarnartakmarkana, sem þyngdi starfsemina að einhverju leiti en starfsfólk brást vel og rétt við.
2. **Ársskýrsla 2020.** Framkvæmdastjóri kynnti ársskýrsluna og hún er samþykkt af stjórn. Góðar upplýsingar um starfsemina.
3. **Málefni austursvæðisins.** Erindi frá Nýheimum barst stjórn í desember 2020. Stjórn tók það til umfjöllunar í byrjun febrúar 2021. Framkvæmdastjóri og formaður áttu svo upplýsingafund með fulltrúum frá Nýheimum 8. mars. Nú er framkvæmdastjóra falið að svara þessu erindi í samræmi við umræður.
4. **Samtal við Birtu starfsendurhæfingu.** Framkvæmdastjóri kynnir svar frá Birtu starfsendurhæfingu við erindi Fræðslunetsins frá 28. janúar 2020. Stjórn Fræðslunetsins leggur til að myndaður verði starfshópur til að móta frekari útfærslu á vinnu við mögulega sameiningu félaganna og að hann verði skipaður formönnum og framkvæmdastjórum félaganna.
5. **Önnur mál**
 - a. Helstu fréttir úr starfseminni. Minnisblað frá framkvæmdastjóra lagt fram.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18.20

Laufey Ósk Magnúsdóttir ritaði fundargerð